

Nd.

343. Nefndarátt

um frumvarp til laga um byggingu og rekstur strandferðaskips.

Frá minni hluta samgöngumálanefndar.

Við höfum ekki getað orðið samdóma háttvirtum meðnefndarmönnum okkar um bráða nauðsyn aðgerða í þessu máli, svo sem frv. á þingskjali 72 gerir ráð fyrir, með því að ætla slíku skipi að taka til starfa eigi síðar en 1. maí 1928.

Þegar athugaðar eru samgöngur þær, er þjóðin í heild og einstakir landshlutar eiga við að búa á landi, verður eigi annað sjeð en að samgöngur með ströndum fram sjeu í viðunanlegu lagi, samanborið við efni þjóðarinnar, enda hefir háttvirt Alþingi lagt töluvert ríflega til samgangna á sjó hin síðari árin, svo sem með byggingu e/s Esju, fjárveitingu til byggingar e/s Brúarfoss, ásamt allríflegum styrk til flóabátaferða og Eimskipafjelags Íslands.

Þegar svo enn fremur er athugað, hve árleg útgjöld rikissjóðs í þessari grein aukast hröðum skrefum, vegna tekjuhalla á rekstri skipa þeirra, sem rikissjóður hefir haft með að gera, þá virðist okkur full ástæða til að fara gætilega í frekari aukningar á þessu sviði, og ráðum því háttvirtri deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 9. apríl 1927.

Jón Ólafsson,
framsögumaður.

Hákon Kristófersson.